



INNKASTIÐ



Sunnudaginn 4. júlí kl: 19:15
Sparisjóðsvellinum í Keflavík



SPARISJÓÐURINN





ÓÓÓÓÓ ÉG ELSKA KEFLAVÍK.

Kæru Keflvíkingar og aðrir gestir, verið velkomin á Sparisjóðsvöllinn.

Í dag er stór dagur fyrir okkur Keflvíkings, fyrsti leikurinn á nýuppgerðum Sparisjóðsvelli er orðinn að veruleika. Völlurinn og öll umgjörð hans er orðin hin glæsilegasta. Fyrir leik Keflavík og FH hér í dag var haldin móttaka fyrir alla Íslandsmeistarana í mfl. karla (alls 4 sinnum meistarar) og var þeim veitt gullmerki knattspyrnudeildar sem veitt var í fyrsta sinn. Það hefur oft verið sagt um Keflavíkurlíðið að það byrji vel en detti svo niður þegar líður á mótið, það verður ekki sagt um líðið okkar í dag því við erum komnir til að vera á toppnum og líðið hefur sýnt mikinn styrk og þrátt fyrir að 4-5

lykilmenn hafi lent í meiðslum, þá koma alltaf nýir menn inn í líðið og skila sínu. Keflavík er á ákveðnum tímamótum í dag. Fyrsti leikurinn okkar á heimavelli í sumar og það í tíundu umferð og líðið á toppnum án þess að vera búið að spila leik í Keflavík sem sýnir okkur kannski best hversu gott líðið er.

Það verður vissulega breyting fyrir líðin okkar að komast aftur á Sparisjóðsvöllinn. Mfl. kvenna hefur spilað sína heimaleiki á Iðavöllum og staðið sig feikna vel. Mfl. karla hefur spilað sína leiki á Njarðvíkurvelli þar sem þeir töpuðu ekki leik í deildinni. Knattspyrnudeildin vill færa Njarðvíkingum bestu þakkir fyrir afnotin að vellinum þeirra og frábærar móttökur af þeirra hálfu.

Góðir áhorfendur nú þurfum við virkilega að standa saman og hvetja strákana okkar, við eigum frábært líð sem getur gert frábæra hluti með ykkar stuðning.

Áfram Keflavík
Þorsteinn Magnússon
Formaður knattspyrnudeildar



- 1 Ómar Jóhannsson
- 2 Alen Sutej
- 3 Guðjón Árni Antoníusson
- 4 Haraldur Freyr Guðmundsson
- 5 Ian Paul McShane
- 6 Einar Orri Einarsson
- 7 Jóhann Birnir Guðmundsson
- 8 Andri Steinn Birgisson
- 9 Guðmundur Steinarsson
- 10 Haukur Ingi Guðnason
- 11 Magnús Sverrir Þorsteinsson
- 12 Árni Freyr Ásgeirsson
- 15 Bojan Stefan Ljubicic
- 16 Brynjar Örn Guðmundsson
- 18 Magnús Þórir Matthíasson
- 20 Bjarni Hólm Aðalsteinsson
- 22 Magnús Þór Magnússon
- 23 Sigurbergur Elísson
- 24 Sigurður Gunnar Sævarsson
- 25 Hólmur Örn Rúnarsson
- 26 Ómar Karl Sigurðsson
- 27 Hörður Sveinsson
- 31 Bergsteinn Magnússon

Þjálfari: Willum Þór Þorsson
Aðstoðarþjálfari: Þór Hinriksson
Sjúkraþjálfari: Falur Daðason
Liðsstjórn: Rajko Stanicic, Ásdís Þorgilsdóttir, Jón Örvar Arason, Þórolfur Þorsteinsson, Björgvin Björgvinsson.

- 1 Gunnleifur Vignir Gunnleifsson
- 2 Gunnar Már Guðmundsson
- 4 Tommy Fredsgaard Nielsen
- 5 Freyr Bjarnason
- 6 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson
- 7 Pétur Viðarsson
- 8 Torger Motland
- 9 Björn Daniel Sverrisson
- 10 Matthías Vilhjálmsson
- 11 Atli Guðnason
- 12 Gunnar Sigurðsson
- 13 Bjarki Bergmann Gunnlaugsson
- 14 Guðmundur Sævarsson
- 16 Jón Ragnar Jónsson
- 17 Atli Viðar Björnsson
- 19 Hákon Atli Hallfredsson
- 20 Sverrir Garðarsson
- 21 Hafþór Þrastarson
- 22 Ólafur Páll Snorrason
- 23 Örn Rúnar Magnússon
- 24 Helgi Valur Pálsson
- 25 Einar Karl Ingvarsson
- 27 Hjörtur Logi Valgarðsson
- 28 Jacob Neestrup

Þjálfari: Heimir Guðjónsson
Aðstoðarþjálfari: Jörundur Áki Sveinsson

Dómari: Erlendur Eiríksson
Aðstoðard. 2: Halldór B. Jóhannsson

Aðstoðard. 1: Einar Sigurðsson
Eftirlitsmaður KSÍ: Einar K. Guðmundsson

Næsti leikur hjá Keflavík
Fimmtudaginn 8. júlí kl: 19:15
ÍBV - Keflavík

Leikir í 10. umferð
Fram - Valur
Stjarnan - ÍBV
Selfoss - Breiðablik
Haukar - Fylkir
KR- Grindavík



MYNDIR FRÁ 4. JÚLÍ 1967

Í dag eru nákvæmlega 43 ár síðan þessar myndir birtust í fjölmiðlum landsins. Myndirnar eru frá vígslu Keflavíkurvallar en hún fór fram 2. júlí 1967. Vígsluleikurinn var viðureign heimamanna á móti úrvalsliði Reykjavíkur. Það var Sveinn Jónsson bæjarstjóri sem vígði völlinn að viðstöddu miklu fjölmenni. Á þessum tíma varð Keflavík fimmti kaupstaðurinn á landinu til að byggja upp grasvöll en árið 1967 voru 14 kaupstaðir á Íslandi. Þetta var mikil bylting fyrir knattspyrnuunnendur í „Bítlabænum“ og margir glæstir sigrar unnust á þessu grasi í gegnum tíðina.


Greinin hér fyrir neðan er svo frá árinu 1984 þegar knattspyrnuráð Keflavíkur bauð til meistarafagnaðar þar sem 20 ár voru liðin frá fyrsta titli Keflvíkinga. Svipuð samkoma var einmitt í dag eins og formaðurinn kom inn á í pistli sínum. Í greininni kemur fram að sérstakt „Meistarablað“ hafi verið gefið út vegna þessara tímamóta og gaman væri ef einhver sem þetta les gæti bent stjórn knattspyrnudeildar á einhvern sem lumar á þessu blaði. En síðustu misseri hefur vinna staðið yfir við að leggja nýjan völl og í dag er komið að því, fyrsti leikurinn verður spilaður. Við óskum öllum bæjarbúum innilega til hamingju með nýjan og glæsilegan völl og vonum að hann færi liðinu okkar lukku og velgengi í framtíðinni.

**ALLAR LEIKSKRÁR ERU BIRTAR Á
HEIMASÍÐU KEFLAVÍKUR**

www.keflavik.is/knattspyrna



UMFJÖLLUN UM ALLA
LEIKI KEFLAVÍKUR Á VF.IS



Sveinn Jónsson, bæjarstjóri lýsir grassvöllinn opnaðan.

Meistarafagnaður hjá liði IBK

Knattspyrnuráð Keflavíkur emfir til „meistarafagnaðar“ í dag. Kallar saman alla þá leikmenn, sem hafa orðið Íslandameistarar undir merki IBK. Það eru nú liðin 20 ár síðan Keflvíkingar tryggðu sér fyrst Íslandameistaratitilinn í knattspyrnu — 1964, en alla hefur meistaratitilinn hafnað fjórum sinnum í Keflavík — 1964, 1969, 1971 og 1973. Þá urðu Keflvíkingar bikarmeistarar 1975.

„Meistarafagnaðurinn“ er haldinn í tölíni þess að nú eru 20 ár síðan Högni Gunnlaugsson, fyrrum fyrirlíði Keflavíkurlíðsins, hampaði Íslandsbikarnum á Laugardalsvelliinum. Allir þeir leikmenn, sem hafa leikið í meistaralíðum IBK, mæta til leiks í höfíð, sem verður haldið í Stapanum laugardagskvíðið 24. mars. Sérstakir heiðursgestir

verða þjálfararnir sem stjórnúðu Keflvíkingum til sigurs: Óli B. Jónsson (1964), Hólmbert Fríó-jónsson (1969), Einar Helgason (1971) og þeir Jón Jóhannsson og Guðni Kjartansson (1975). Eng-landingurinn Joe Hooley (1973) kemst ekki til landsins.

Í tölíni fagnaðarins hefur Knattspyrnuráð Keflavíkur geflið út vandað „Meistarablað“. Í blaðinu er sagt frá meistaralíðunum og ýmsum sögulegum atburðum — í máli og myndum. Blaðið er 80 blaðsíður og er það aðeins geflið út í 2.000 eintökum. Leikmenn Keflavíkurlíðsins, sem nú eru á förum til Englands, þar sem þeir verða í æf-ingabúðum hjá Tottenham, munu ganga í hús í Keflavík og selja blaðið.